


Laxá á Ásum 1996

Tumi Tómasson

Hólum, febrúar 1997

VMST-N/97003



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 453 6599
Fax: 453 6694

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

LAXÁ Á ÁSUM 1996

Inngangur

Seiðastofnar Laxár á Ásum voru kannaðir með rafveiðum dagana 31/7 til 2/8 1996. Einnig var áin sérstaklega athuguð með tilliti til veiðistaðagerðar á tveimur köflum þar sem veiðihlutdeild er fremur lág, þ.e. milli Langhýls og Mánafoss og á neðsta kafla árinna, fyrir neðan Þjóðveg. Veiðiverði var falið að safna hreistursýnum af veiddum löxum, einkum með það í huga að bera greiningu hreistursýna úr Laxá á Ásum saman við greiningu sýna úr Vatnsdalsá til að reyna að meta líkur á blöndun laxa í þessum ám í veiði.

Veiðin 1996

Sumarið 1996 veiddust í Laxá alls um 627 laxar, en þá er veiðin í Fremri Laxá ekki með talin. Veiðin skiptist þannig að 508 voru smálaxar, þ.e. laxar að koma til hrygningar eftir eitt ár í sjó, og 119 stórlaxar, þ.e. laxar sem urðu kynþroska eftir tveggja ára sjávarðvöl. Það þarf að fara allt aftur til ársins 1970 til að finna lægri veiðitölur úr Laxá en síðan þá hefur hún einungis þrisvar verið undir 700 löxum að árinu 1996 meðtöldu.

Fjöldi veiddra smálaxa eitt ár getur gefið vísbendingu um hve mikið muni veiðast af stórlaxi ári síðar og í flestum ám veiðast fleiri stórlaxar árið eftir góða smálaxaveiði og svo öfugt. Þessu er þó ekki þannig farið í Laxá og hefur stórlaxaveiðin ekki orðið lakari um langt skeið en hún varð 1996, þrátt fyrir mjög góða smálaxaveiði sumarið 1995. Reyndar er það svo ef við lítum á veiðitölur fyrir síðastliðinn áratug (Tafla 1) þá virðist lélegasta stórlaxaveiðin koma í kjölfar ára þegar smálaxaveiðin var með betra móti. Þannig varð stórlaxaveiðin undir 200 löxum eftir tvö af þremur bestu smálaxaarunum á þessu tímabili.

Það fer einnig oft saman að smálaxinn sé tiltölulega smár þegar göngur eru litlar. Það bendir til þess að vaxtartími í sjó hafi verið stuttur eða erfiður í þeim árum. Sé ástæðanna að leita í stuttum vaxtartíma eru mestar líkur á að tiltölulega hátt hlutfall gönguseiðaárgangsins hafi þurft að dvelja annað ár í sjó til að verða kynþroska, en laxinn leitar einungis aftur upp í ferskt vatn til að hrygna. Það vekur athygli að meðalþyngd smálaxa 1992 var tiltölulega há, en það er eina slaka smálaxaárið sem hefur gefið færri en 200 stórlaxa ári síðar.

Tafla 1. Laxveiðin í Laxá á Ásum síðastliðinn áratug.

Ár	Neðri Laxá		Fremri Laxá		Samtals
	smálax	stórlax	smálax	stórlax	
1996	508	119	-	-	
1995	1196	353	23	1	1571
1994	560	246	18	14	838
1993	1288	170	50	5	1513
1992	603	258	-	-	861
1991	573	260	36	6	875
1990	433	218	3	2	656
1989	614	135	11	5	765
1988	1291	280	40	6	1663
1987	861	296	13	2	1172

Með greiningu hreistursýna má ákvarða hve lengi lax hefur dvalist í ferskvatni og hve lengi í sjó, og getur það verið nokkuð mismunandi milli ára hvernig þetta er. Í Vatnsdalsá hefur á undanförunum árum stór hluti laxaseiða þurft að dveljast fjögur og jafnvel fimm ár í ferskvatni áður en sjóþroska er náð, en rafveiðar benda til að algengast sé að ferskvatnsaldur seiða sé þrjú ár í Laxá á Ásum, þótt rafveiðar árið 1994 hafi bent til að ferskvatnsdöl væri heldur að lengjast.

Hreistursýni voru tekin af 31 laxi sem veiddist í Laxá sumarið 1996. Sýni af tveimur smálöxum reyndust ónothæf, en niðurstöður aldursgreiningar hinna voru sem hér segir:

Tafla 2. Aldursgreining hreistursýna af löxum veiddum sumarið 1996 í Laxá á Ásum.

Aldur í ferskvatni	Smálax (1 ár í sjó)		Stórlax (2 ár í sjó)	
	fjöldi	%	Fjöldi	%
2	-	-	1	12
3	14	67	7	88
4	7	33	-	-
Samtals	21	100	8	100

Þetta er hærri hlutfall smálaxa með fjögurra ára ferskvatnsaldur en búist var við á grundvelli rafveiða undanfarandi ára, en það getur þó átt sér sínar eðlilegu skýringar, og einnig ber að hafa í huga hve fá sýni liggja til grundvallar. Ferskvatnsaldur laxa í Vatnsdalsá 1996 var almennt mun hærri en í Laxá. Þannig höfðu 46% smálaxa þar fjögurra ára ferskvatnsaldur og 13% höfðu dvalið fimm ár í ferskvatni. Meðal stórlaxa var 4 ára ferskvatnsaldur algengastur eða 49% og 5% stórlaxa sem veiddust í

Þó þornar alltaf einhver hluti botnsins þegar rennsli minnkar svo mikið og það skaðar botndýraframleiðslu, auk þess sem það takmarkar búsvæði fyrir seiði tímabundið og getur því valdið auknum afföllum. Það er mjög brýnt að rekstur stíflumannvirkis við útfall Svínavatns verði komið í viðunandi horf og að lágmarksrennsli verði tryggt þar á öllum tímum árs.

Tafla 3. Fjöldi veiddra laxa- og urriðaseiða á hverja 100 m² í rafveiðum í Laxá á Ásum 31/7 - 2/8 1996.

Staður (Nr)	Svæði (m ²)	Lax				Urriði		
		0+	1+	2+	3+	0+	1+	2+
1	70x10	-	0.1	0.1	-	0.6	0.3	-
2	25x15	1.6	18.4	0.8	0.3	-	2.1	-
3	20x15	7.7	-	0.7	0.7	8.0	13.0	1.3
4	35x12	5.2	9.5	0.5	-	0.2	1.7	0.5
5	20x14	16.4	8.2	16.8	0.7	-	1.4	0.4
6	20x12	5.4	9.6	25.0	10.8	-	-	-
7	25x10	12.4	6.0	10.4	1.2	-	-	-
8	60x5	1.0	-	0.3	-	-	-	0.3
9	25x15	15.7	7.5	13.9	0.3	-	-	-
10	25x12	23.7	11.3	8.7	0.3	-	-	-
11	20x17	-	14.7	12.4	0.6	-	-	-
11a	20x10	16.0	7.0	8.0	1.5	-	-	-
12	40x6	-	5.8	17.9	-	-	-	-

Urriðastofninn er mjög sterkur á neðsta kafla Fremri Laxár en skilyrði þar eru mjög góð fyrir lax einnig og myndi samkeppnisstaða laxins bætast mjög ef hrygningin þar yrði meiri. Þessu sinni fundust vorgömul seiði þar, en hins vegar ekkert 1+ laxaseiði. Til að tryggja jafnari dreifingu á uppeldi laxaseiða í Fremri Laxá og þá jafnframt til að auka laxaframleiðsluna var lagt til að hrygningarfiskur yrði tekinn í Neðri Laxá og frjóvguð hrogn grafin í Fremri Laxá. Klakfiskur mun hafa verið tekinn og settur í búr í Fremri Laxá í þessum tilgangi í haust, en hann slapp áður en að hrygningu kom.

Í Neðri Laxá er ástandið nú mun betra en var þegar það var síðast kannað 1994. Seiðapéttleiki er enn tiltölulega lágur efst í ánni, einkum þó af 2+ seiðum, en góður péttleiki 1+ seiða og það að nú fundust þar 0+ seiði bendir til að svæðið sé að ná sér og líklega verður þar nokkur framleiðsla á 2+ gönguseiðum sumarið 1997. Efsta svæðið verður þó væntanlega ekki búið að ná sér að fullu eftir áfallið 1993/94 fyrr en vorið 1988. Neðar er batinn mun betri. Þar hefur vöxtur seiða batnað til mikill muna, en þar urðu afföll af seiðum mun minni. Hinsvegar dró mjög úr vexti þeirra. Ekki er annað að sjá en að vænta megi góðrar gönguseiðaframleiðslu á þessu svæði sumarið 1997 og að líkindum hefur hún einnig orðið góð sumarið 1996. Þegar nær dregur Mánafossi (staður 6) er seiðavöxtur enn tiltölulega hægur, en þar er seiðapéttleiki mjög mikill og áhrifa Laxárvatns gætir tiltölulega lítið. Gönguseiðaaldur á þessu svæði er algengastur fjögur ár, á móti þremur sem er algengast annars staðar í ánni.

Mjög lítið fannst nú af seiðum í rafveituskurðinum, enda hefur hann verið þurrkaður upp samfara viðgerðum á aðrennslisstokk til virkjunarinnar. Ég tel að hægt sé að skapa nokkuð góð uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði í rafveituskurðinum. Þar þyrfti að setja nokkra grjótpörskulda til að hann þorni ekki þegar vatn fer af tímabundið og einnig væri bót í að setja grjót í hann víðar um leið til að skapa betra skjól fyrir laxaseiði. Ég tel líklegt að við hagstæð skilyrði gæti skurðurinn staðið undir um 20-30 laxa veið árlega og ættu ákvarðanir um framkvæmdir þar að taka mið af því.

Fyrir neðan rafveituskurðinn batnar vöxtur seiða aftur mikið og þar er að sjá að allt sé í besta lagi. Reyndar fundust vorgömul seiði ekki á stöðum 11 og 12 og því var veitt á nýjum stað þar á milli, skammt fyrir neðan Gilfljót. Þar fundust vorgömul seiði, en þau eiga tæplega eftir að dreifast mikið upp eftir ánni fyrir það hve straumhart er þar í fossflúðum. Yfirleitt hafa seiði meiri tilhneigingu til að leita upp ána en niður og því er betra að fylgjast með hvernig verður með seiðabúskap á þessu svæði öllu á næsta ári.

Veiðistaðagerð og umbætur á uppeldisskilyrðum

Þegar ástand seiðastofna var kannað sumarið 1996 var einnig hugað sérstaklega að möguleikum á veiðistaðagerð og umbótum á uppeldisskilyrðum. Fjallað var um þessa þætti í bréfi sem sent var Veiðifélaginu í september 1996 og fylgir skýrslunni. Síðastliðið haust voru lagfærðir/gerðir tveir neðri veiðistaðirnir á efra svæðinu sem þar er getið um, á milli Mána foss og Langhýls, og fenginn til verksins gröfumaður sem hafði unnið að veiðistaðagerð í Laxá í Dölum áður, en það verk tókst mjög vel. Einnig var ekið grjóti að neðsta hluta árinna, en ekki var hægt að vinna í ánni þar sökum vatnavaxta. Það fer mikið eftir árferði hvort tækifæri verði til að vinna að umbótum þar áður en veiðitími hefst voruð 1997. Framkvæmdum við Gilfljót ættu að fylgja tiltölulega lítið rask og því mætti skoða hvort ekki væri hægt að fara þar í framkvæmdir eftir að veiðitími er hafinn, t.d. eftir að veiði lýkur að kvöldi. Slíkt yrði þó að vera háð samþykki þeirra veiðimanna sem væru í ánni á þeim tíma.


Ályktanir

Ástand seiðastofna í Laxá er nú almennt gott. Þó er enn þörf á að koma lagi á rekstur stíflunnar í útfalli Svínavatns og á kaflanum fyrir neðan vatnið þyrfti að gera botninn grófari til að skapa þar ákjósanleg uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði. Tryggja þarf jafnari og betri nýliðun laxa í allri Fremri Laxá, hugsanlega með hrognagreftri.


Í Neðri Laxá eru seiðastofnar og annað lífríki að ná sér að fullu fyrir neðan útfall Laxárvatns. Þetta er mjög mikilvægt svæði og því mikið í húfi að stjórnun rennslis þar taki mið af því. Þó minnkandi seiðaframleiðsla á þessu svæði hafi án efa haft neikvæð áhrif á laxgengd sumarið 1996 má ætla að slæmt tíðarfar sumarið 1995 hafi þó gert útslagið.

Þótt smálaxaveiði hafi minnkað mjög mikið milli ára frá 1995 til 1996 býst ég við að stórlaxaveiðin muni aukast umtalsvert frá 1996 til 1997 og verði væntanlega á bilinu


200 - 300 laxar. Samkvæmt aldursgreiningu hreistursýna má gera ráð fyrir að tiltölulega stór hluti 3+ seiða hafi ekki farið til sjávar sumarið 1995, en þessi árgangur, þá sem 4+, hefur bæst við gönguseiðaframleiðsluna sumarið 1996. Flest gönguseiðanna 1996 munu þó hafa verið 3+, en stærsti hluti þess árgangs náði sjóþroska sumarið 1996. Árgangur 3+ seiða 1996 kom vel út í rafveiðunum 1994 (þá sem 1+) og því eru líkur til að laxveiði í Laxá á Ásum verði aftur í betra lagi sumarið 1997.



Mynd 1. Rafveiðistaðir í Laxá á Ásum 31/7 - 2/8 1996.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá á Ásum í rafveiðum 31/7 - 2/8 1996.



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Laxá á Ásum í rafveiðum 31/7 - 2/8 1996.



Veiðimálastofnun

Norðurlandsdeild

Fiskeldi - Fiskrækt - Rannsóknir - Ráðgjöf

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 453-6599
Fax: 453-6694

24. september 1996

Jón Ísberg
Formaður vf Laxár á Ásum

Málefni: Veiðistaðagerð í Laxá á Ásum

Um mánaðarmótin júlí/ágúst skoðaði ég aðstæður til veiðistaðagerðar á tveimur köflum í Laxá þar sem veiðin er tiltölulega lítil. Annars vegar var skoðaður kaflinn frá Langhyl niður að Nautafljóti og hinsvegar neðsti hluti árinna.

Á efri kaflanum voru gerðir þrír veiðistaðir fyrir nokkrum árum, en þótt þar hafi sést nokkur lax fyrstu árin var lítið veitt þar, enda samgöngur við þá erfiðar. Síðan hafa þessir staðir spillst og ekkert hefur verið veitt þar hin síðari ár. Nú er hinsvegar búið að leggja nokkuð góðan slóða að Mánafossi og virðist mér sem auðvelt sé að leggja áfram vegarslóða upp með ánni, en þar eru bakkar víðast þurrir.

Þegar gengið er frá Mánafossi og upp með ánni er fyrst komið að veiðistað sem nefndur var Tumi. Þessi staður hefur haldist sæmilega vel, en þarfnast viðgerðar. Þar þarf fyst og fremst að hækka á þröskuldinum til að skapa meira fall og þar með dýpri hyl fyrir neðan. Þarna liggur klöpp út í ána að vestan og sjálfsagt að nýta hana og gera þröskuld þannig að hylur myndist beint út af klöppinni. Nægilegt grjót er upp með bakkanum að austan, en þar þarf þó að ganga snyrtilega um og ekki skilja eftir ljót sár í landinu.

Um 6-700 m ofar er Skotti, veiðistaður sem nú sést varla og þar þyrfti því að byrja frá grunni. Auðvelt yrði að taka grjót í holti sem er innan girðingar á vesturbakka árinna, aðeins ofan við Skotta, og myndi ég flytja staðinn nær efni, enda er þar staður sem hentar að öllu leyti betur.

Skammt fyrir ofan Skotta (líklega um 3-400 m) er Laxapollur. Líklega mætti bæta þennan stað með því að hækka flúðina, en þarna er lítið um efni í næsta nágrenni. Ég myndi í fyrstu atrennu láta nægja að vinna við tvo neðri staðina og halda síðan frekar áfram þegar reynsla væri komin á þá.

Í neðsta hluta árinna myndi ég fyrst reyna að lagfæra Gilfljót. Þetta er fremur grunnur staður og klapparbotn. Ég myndi reyna að dýpka á honum með því að gera grjótfyrirstöðu neðst í honum og gera hana nógu háa til að fá eitthvert rennsli í vesturkvíslina fyrir neðan Gilfljót, en sú kvísl er nú þur, en botngerð hennar er slík að þar myndu skapast kjörin uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði væri komið þar á varanlegu rennsli. Rennslið úr Gilfljóti ætti þó áfram að vera mest um kvíslina að austan eins og nú er. Grjótfyrirstöðuna hef ég hugsað mér sem nokkra stóra steina sem yrði grafið fyrir til að ekki græfi undan þeim og þeir toldu frekar og hafa bilið á milli steinanna slíkt að rétt vatnsstaða næðist fyrir ofan þá.

Um 200 m neðan við Gilfjót, í austurkvíslinni, rétt áður en vesturkvíslin (sem nú er þur) kemur aftur saman við ána, sýnist mér að gæti verið góður staður til að gera grjóthróskuld og veiðistað. Vesturkvíslin kæmi þá saman við aðalána neðantil í hylnum.

Um 2-300 m neðar þar sem tvær kvíslar koma aftur saman og áin rennur í einum farvegi tel ég einnig að væri heppilegur staður fyrir annan veiðistað sem gerður yrði með grjóthróskuldi. Þar fyrir neðan er áin víðast í mörgum kvíslum og væri betra að skoða aðstaður nánar áður en ákvörðun yrði tekin um frekari aðgerðir. Einnig væri best að fá reynslu á þær aðgerðir sem hér eru lagðar til áður en lengra yrði haldið, enda er hér um töluvert kostnaðarsamar aðgerðir að ræða.

Ég lét fylgja með skissur að veiðistaðagerð og greinargerð með þeim. Ég verð ekki við sjálfur fyrr en eftir miðjan nóvember 1996. Verði ráðist í þessar aðgerðir nú væri réttast fyrir veiðifélagið að hafa samband við Jóhann Sæmundsson, Ási, Laxárdal, en hann gerði svona þróskulda í Laxá í Dölum og hafa þær aðgerðir reynst mjög vel. Jafnframt hefur Jón Kristjánsson, sem var á þeim tíma ráðgjafi þeirra í Dölunum reynslu af gerð veiðistaða. Þá vil ég vekja athygli á því að framkvæmdir af þessu tagi eru styrkhæfar af Fiskræktarsjóði, en ég veit þó ekki hve nákvæmra teikninga og kostnaðaráætlana er krafist til að svo sé.

Að lokum vil ég einnig benda á að í rafveituskurðinum eru ágæt uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði sem eru mjög vannýtt þar sem skurðurinn þornar af og til. Í hann mætti setja nokkra minni grjóthróskulda til að varna því að farvegurinn þornaði þegar vatn er tekið af tímabundið. Mætti ræða það mál við rafveituna um leið og farið verði fram á umbætur á rekstri lokunnar við Svínavatn, en ekki leikur vafi á að farvegurinn þar hefur þornað af og til á undanförunum árum til stórtjóns fyrir botndýralíf og seiðastofna árinna.

Með kærri kveðju

Tumi Tómasson